

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um sendiráð eða sendiskrifstofu á Spáni.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hvaða möguleikar á opnun sendiskrifstofu eða sendiráðs á Spáni hafa verið skoðaðir í ráðuneytinu?
- Hversu mikill er áætlaður kostnaður annars vegar við opnun sendiskrifstofu sem veitti Íslendingum á Spáni aðstoð og hins vegar sendiráðs?
- Hversu mikil eru tvíhliða samskipti Íslands og Spánar í samanburði við lönd þar sem Ísland hefur enga sendiskrifstofu/sendiráð og lönd þar sem Ísland hefur þegar sendiskrifstofu/sendiráð?
- Hversu mörgum atvikum eða erindum þurfti heiðurskonsúll Íslands á Spáni að sinna síðastliðin fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.